



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Skrifstofa borgarstjóra
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2021

Efni: Ástand á húsnæði Fossvogsskóla

Þann 28. maí 2020 sendi umboðsmaður barna [bréf til borgarstjóra Reykjavíkur](#) vegna erinda sem embættinu höfðu borist þar sem greint var frá áhyggjum nemenda í Fossvogsskóla vegna ástands húsnæðis skólans og framkvæmda vegna myglu og raka. Í þeim erindum kom jafnframt fram að skólastjórnendur og Reykjavíkurborg hafi ekki haldið upplýsingafundi fyrir nemendur og að þeir hafi fyrst og fremst fengið upplýsingar um framgang verkefnisins og stöðu mála í gegnum foreldra sína. Í bréfi umboðsmanns barna voru Reykjavíkurborg og stjórnendur Fossvogsskóla hvött til þess að huga sérstaklega að rétti barna til upplýsinga, þátttöku og besta mögulega heilsufars samkvæmt ákvæðum Barnasáttmálans, við töku ákvarðana er varða skólahúsnæði Fossvogsskóla.

Nú er svo komið að færa þarf starfsemi Fossvogsskóla í annað sinn frá því að mygla greindist þar fyrst árið 2019. Að þessu sinni hefur starfsemi skólans verið færð í Korpuskóla. Óvíst er hversu lengi sú ráðstöfun mun standa yfir en fram hefur komið að nemendur verða keyrðir í rútum frá Fossvogsskóla í Korpuskóla og aftur heim að skóladegi loknum.

Foreldrar hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum vegna stöðu skólans og áhrifa myglu á heilsu nemenda. Þá hafa foreldrar einnig kvartað yfir því að upplýsingagjöf borgaryfirvalda og stjórnenda skólans til nemenda og foreldra hafi verið lítil sem enginn og því síður hafi verið boðið upp á samráð. Umboðsmanni barna berast enn erindi þar sem aðstandendur barna lýsa yfir óánægju sinni varðandi aðgerðir og framkomu skóla- og borgaryfirvalda. Ljóst er að það ástand sem hefur staðið yfir er til þess fallið að valda nemendum streitu og áhyggjum með tilheyrandi neikvæðum afleiðingum á líkamlega og andlega líðan þeirra. Ráðstafanir líkt og þær að færa starfsemi skóla í önnur hverfi borgarinnar raska verulega lífi nemenda. Það er grundvallaratriði að skóla- og borgaryfirvöld upplýsi nemendur um gang mála og veiti þeim tækifæri til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og taki tillit til þeirra í samræmi við

12. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013. Líkt og fram hefur komið beindi umboðsmaður því til Reykjavíkurborgar í bréfi sem sent var 28. maí 2020 að huga að rétti barna til upplýsinga og þátttöku. Umboðsmaður áréttar hér með það sem þar kemur fram um að skólar séu vinnustaðir barna og því sé brýnt að þau fái ekki aðeins upplýsingar um stöðu mála hverju sinni og næstu skref, heldur fái jafnframt tækifæri til þess að eiga samtál við skólastjórnendur og aðra sem taka ákvarðanir í málinu. Það er mikilvægt að farið verði eftir þessum atriðum þegar teknar verða ákvarðanir um framgang mála.

Umboðsmaður barna kallar einnig eftir því að Reykjavíkurborg láti framkvæma óháða úttekt á viðbrögðum og aðgerðum skóla- og borgaryfirvalda vegna ástands húsnæðis Fossvogsskóla og kynni þær niðurstöður fyrir skólasamfélaginu. Þá er einnig nauðsynlegt að skýrir verkferlar séu til staðar sem tryggja rétt og tímanleg viðbrögð þar sem kveðið er á um þær aðgerðir sem grípa á til þegar mál sem þessi koma upp í einhverjum af skólum borgarinnar. Reykjavíkurborg þarf að setja slíka verkferla, kynna þá fyrir starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og gera þá aðgengilega.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna